


Mkv. 1:5000

# Eyjafjarðarsveit

## Deiliskipulagstillaga, Hvammur






Staðsetning deiliskipulagstillögu

— · — Mörk skipulagssvæðis

Lína dregin ca. 3 m utan marka

- - - Mörk efnistökusvæðis

== Nýr vegur

— Hæðalínur

**Deiliskipulag þetta sem auglýst hefur verið samkvæmt 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 var samþykkt í sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar þann ____________2008.**

______________________________________

**Auglýsing um gerð deiliskipulagstillögunnar var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann ____________2008.**

VERKFRÆÐISTOFA SUÐURNESJA

Unnið í maí 2008 Ingiþór Björnsson
Davíð Viðarsson

# Greinargerð og skipulagsskilmálar

### 1. ALMENN ATRIÐI

**Staðsetning deiliskipulagssvæðis og eignarhald á landi**

Deiliskipulagsvæðið er í landi Hvamms í Eyjafjarðarsveit. Staðsetning svæðisins í landi Hvamms er í um 80 m y.s. Fyrirhugað efnistökusvæðið er 3 ha að stærð, nýr aðkomuvegur að svæðinu er 425 m langur og miðast skipulagsbreytingar við þessa tvo þætti. Ekkert deiliskipulag er í gildi fyrir svæðið.

Skipulagssvæðið ásamt öllu aðgengi er í landareign Hvamms. Hvammur er í eigu Harðar Snorrasonar og Helgu Hallgrímsdóttur bænda í Hvammi.

**Staðhættir á framkvæmdarsvæði**

Fyrirhugað efnistökusvæði er fyrir vestan (bakvið) Nónklöppina en það er klöppin sem gnæfir fyrir suðvestan bæjarstæðið í Hvammi. Fyrirhugað efnistökusvæði mun því ekki vera sýnileg nema að mjög litlu leyti. Svæðið einkennist aðallega af flötum klöppum, holti og túnum. Við athugun á fornleifum fundust leifar af vörðu og lítilfjörlegri grjóthleðslu. Hvorutveggja var myndað og staðsett með GPS tæki og er það mat Fornleifarverndar að ekki þurfi að gera rannsóknir á umræddum minjum.

**Kostir og markmið**

Markmið skipulagbreytingarinnar er að mæta þörf fyrir efnistöku fyrir lengingu Akureyrarflugvallar og fyrir framkvæmdir í Eyjafirði. En Hvammur er sá bær sem styðst er frá Akureyri og Akureyrarflugvelli þar sem norðurmörk sveitafélagsins er einmitt landamörk Hvamms að Akureyri. Mikilvægt er að hafa aðgang að efnistökusvæði sem næst framkvæmdasvæði, vegna mikils kostnaðar við flutning efnis langar vegalengdir og mengunarsjónarmiða.

### 2. SKIPULAGSSKILMÁLAR

**Efnistaka**

Sótt verður um leyfi fyrir allt að 150.000 m3 efnistöku. Ef náman verður aðeins nýtt til þess að ná efni í framkvæmdir við Akureyrarflugvöll þá búast við að náman verði opin í 2 - 3 ár.

Verði sú ákvörðun tekin að hafa námuna opna lengur og reyna að nýta möguleika á efnistöku til fullnustu þá má ætla að hún verði opin í 20 - 25 ár og er það eindreginn vilji landeigenda að þetta verði niðurstaða málsins.

Efnistaka á svæðinu mun fara fram innan afmarkaðra efnistökusvæðis og kemur staðsetning þeirra fram á skipulagsuppdráttum

**Frágangur efnistöku**

Ekki verður skilið eftir opið sárið, brekkur og stallar verða sem víðast huldar jarðvegi af námasvæðinu, það verða þó á stöku stað skilin eftir "klettabelti". Plantað verður skógi í jarðveginn í "hlíðum" svæðisins. Búnir verða til hólar/eyjar/tanga úr jarðvegi víða um botn námunnar og plantað þar skógi. Einnig verða skildar eftir nokkrar klappir sem standa hærra en botnflötur námunnar. Ef náman verðu opin í 20-25 ár, verður það verklag á að hægt verði tiltölulega snemma að hefjast handa við lokafrágang þ.e.að setja jarðveg og plöntur í hlíðar og hefjast handa við að búa til hóla/eyjar/tanga og hefja þar útplöntun. Það er talið hagkvæmara að standa þannig að verki í stað þess að vinna þetta verk þegar námunni hefur verði lokað.

**Aðkoma að svæðinu**

Gert er ráð fyrir að leggja nýjan veg, sem tengist heimreiðinni í Hvamm, rétt fyrir ofan þar sem hitaveitulögnin frá Laugalandi til Akureyrar liggur undir heimreiðina. Frá heimreiðinni mun hann liggja til vesturs í kvosinni fyrir sunnan bæjarhólinn. Síðan áfram syðst á túninu vestan við bæinn, norðan lækjar, og þaðan áfram á túninu meðfram hryggnum sem gengur norður úr Nónklöppinni og þaðan áfram yfir tún meðfram skógarjaðri vestur og suður að námasvæðinu. Allt land sem fer undir veg er land sem áður hefur verið hreyft við

**Vegafrágangur**

Ekki verður um eiginlegan frágang á vegi að ræða heldur aðgerðir til að minnka það rask sem verður við vegagerð. Það er gert ráð fyrir að planta meiri skógi í sunnanverðan bæjarhólinn til þess að loka á milli fyrirhugaðs vegar að námasvæðinu og bæjarhúsanna. Gert er ráð fyrir að planta á næstu þremur árum skógarplöntum í jafnstórt svæði og námasvæðið verður. Þessi útplöntun er ekki í tengslum við Norðurlandsskóga og ekki heldur hluti af lokun og frágangi námasvæðisins. Þetta er "mótvægisaðgerð" vegna vegalagningarinnar og þess rasks sem verður á þeim tíma sem námasvæðið er opið og ófrágengið.

**Heildaráhrif**

Framkvæmdin mun auka framboð á efni til framkvæmda í Eyjafirði. Álitið er að svæðið henti vel til starfsemi sem þessarar bæði vegna staðsetningar, landslags og ásýndar. Auðvelt verður að ganga þannig frá efnistökusvæðinu að það falli vel að landslagsheild svæðisins. Því er það mat framkvæmdaraðila að neikvæð áhrif séu ekki umtalsverð og áhrif framkvæmdarinnar með styttri veglengdum og minni akstri vörubíla séu talsverð jákvæð.